

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

*Endurskoðun/breyting á deiliskipulagi fyrir austurhluta Reykholts.*

Um er að ræða heildarendurskoðun á deiliskipulagi sem nær yfir austurhluta þéttbýlisins Reykholts. Á svæðinu hafa verið í gildi átta deiliskipulagsáætlanir með síðari breytingum sem með gildistöku nýs deiliskipulags falla úr gildi. Deiliskipulagið nær yfir 95 lóðir, þar af 46 íbúðarhúsalóðir, 20 garðyrkjulóðir, 5 verslunarlóðir, 21 athafnalóð og 3 iðnaðarlóðir.

Samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 2. júní 2009.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 17. ágúst 2009.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**